



# Einkenni og áskoranir tónlistarklasa á Íslandi

Freyja Gunnlaugsdóttir og Runólfur Smári Steinþórsson<sup>1</sup>

## Ágrip

Þessi grein fjallar um þróun tónlistarlífs á Íslandi á undanförunum árum. Margir íslenskir tónlistarmenn hafa átt velgengi að fagna og skapað sér nafn á alþjóðlegum markaði. Stjórnvöld hafa stutt við þróunina á ýmsan hátt og þau hafa mikil áhrif á tónlistarlífið. Umsvifin í greininni benda til að þróunin undanfarin ár hafi ýtt undir myndun klasa í tónlist á Íslandi. Markmiðið með þessari grein er að rannsaka þróun tónlistarlífs á Íslandi út frá kenningum um klasa og samkeppnishæfni. Einnig er þróunin á Íslandi borin saman við þekkta tónlistarklasa erlendis. Byggt er á raundæmisrannsókn þar sem spurt er að hvaða marki megi líta á tónlist á Íslandi sem klasa og ef svo er á hvaða stigi klasaþróunar íslenskur tónlistarklasi kunni að vera. Einnig er spurt um hvaða áskoranir tónlistarklasinn kunni að standa frammi fyrir. Niðurstöður gefa til kynna skýrar vísbendingar um tónlistarklasa á Íslandi og að klasinn sé að færast af mótunarstigi yfir á þróunarstig. Í niðurstöðum felst hagnýtt gildi því varpað er ljósi á atriði og aðstæður sem geta ýtt undir frekari uppbyggingu á sterkum tónlistarklasa á Íslandi. Samhliða er tónlistarklasinn dæmi um klasa í litlu fámennu landi og niðurstöðurnar framlag til þekkingar á klasa í slíkum aðstæðum.

## Abstract

Music as part of creative industries in Iceland has been on a positive growth path. Many musicians from Iceland have been successful in establishing their name and brand internationally. The government has played a critical role in the growth of the music field. There are manifestations that provide support for the existence of a music cluster in Iceland. The purpose of this article is to study the music field from a cluster perspective and reflect on the development with reference to well known music clusters abroad. On the basis of a case study method and cluster assessment tools it is analysed to what extent it is possible to confirm the existence of a music cluster in Iceland. There are clear indications of a music cluster and it is concluded that the music cluster can be described as a potential cluster. The context of the cluster can also be seen as positive for further development but there are many challenges identified.

*JEL flokkun:* M1, M2

*Lykilorð:* Tónlist; klasar; klasaþróun; samkeppnishæfni

*Keywords:* Music; cluster; cluster development; competitiveness

## The characteristic of a music cluster in Iceland

<sup>1</sup> Freyja Gunnlaugsdóttir, tónlistarmaður og aðstoðarskólameistari í Menntaskóla í tónlist. Netfang: [freyja@menton.is](mailto:freyja@menton.is). Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: [rsmari@hi.is](mailto:rsmari@hi.is).

## 1 Inngangur

Á síðustu árum hefur íslenskt tónlistarfólk vakið eftirtekt í alþjóðlegu tónlistarlífi. Íslensk tónlist hefur fengið góða umfjöllun víða um lönd og margir íslenskir tónlistarmenn ná eyrum manna um allan heim. Þessi þróun hefur vakið athygli á Íslandi og gefið jákvæða mynd af landi og þjóð (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Helga Björg Ragnarsdóttir, 2003; Kristján Már Gunnarsson, 2016; Forsætisráðuneytið, 2008).

Tónlistarlíf byggist að hluta til á samvinnu ólíkra aðila. Tónlistarmenn og samstarfsfólk vinnur að sköpun tónlistar, tónlistarflutningi og dreifingu tónlistar. Afurðin, tónlistin sjálf, hefur bæði menningarlegt og efnahagslegt gildi fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir innan tónlistargeirans sem og mikla þýðingu fyrir þjóðina í heild (Caves, 2000; Throsby, 2003; Towse, 2010; Ágúst Einarsson, 2013). Viðfangsefni þessarar greinar er að skoða tónlistarlífið á Íslandi með það fyrir augum að fá úr því skorið hvort hér á landi séu skilyrði uppfyllt fyrir tilvist tónlistarklasa (*e. music cluster*) og í framhaldinu ræða stöðu klasans og áskoranir hans. Greininni er ætlað að skila hagnýtu framlagi til tónlistargeirans og framlagi til klasafræðanna, m.a. varðandi klasa í litlu fámennu landi eins og Íslandi.

Þrátt fyrir framfarir á liðnum árum liggur fyrir að tónlistargeirinn á Íslandi stendur frammi fyrir erfiðum áskorunum sem nauðsynlegt er að takast á við svo þróunin haldi áfram í rétta átt. Ein af þeim áskorunum er hvernig megi styðja við og byggja upp enn betra menntakerfi í tónlist á Íslandi, sem svo skili tónlistarlífinu vel menntuðum og hæfum tónlistarmönnum á næstu árum (Freyja Gunnlaugsdóttir, 2015). Þessar áskoranir virðast um margt líkar þeim sem þekkjast við þróun klasa á sviði tónlistar erlendis (Beyers, Bonds, Wenzl og Sommers, 2004; Bernard, Chaturveti, Hill, Maddox og Schrimpf, 2012). Erlendar rannsóknir hafa þannig gefið tilefni til að beita þeirri nálgun að skoða tónlist á Íslandi út frá sjónarhorni klasa (*e. cluster*) og samkeppnishæfni (*e. competitiveness*). Leiðarljós höfunda við rannsóknina er að með klasanálgu og hagnýtingu klasafræða megi varpa ljósi á stöðu íslenskrar tónlistar og hvernig megi ýta undir frekari þróun klasa og vöxt í tónlist á Íslandi.

Í þessari grein eru þessi viðfangsefni tónlistargeirans tekin til skoðunar út frá klasanálgu. Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi: 1) Hvernig má skoða tónlist á Íslandi sem klasa? 2) Hvernig hefur klasinn þróast með hliðsjón af þróunarskeiðum klasa? 3) Hver eru brýnustu viðfangsefnin svo klasinn nái að dafna og skila ávinningi?

Greinin miðar öll að því að svara þessum spurningum og í niðurstöðum er sett fram klasakort (*e. cluster map*) af íslenska tónlistarklasanum til að fá mynd af klasanum og lýsa stöðu hans í dag. Lagt er mat á stöðu hans í þróunarferli klasa (*e. cluster development cycle*). Einnig er nánar fjallað um hvaða áskoranir klasinn stendur frammi fyrir og hvað geti verið til ráða í frekari þróun hans. Jafnframt er fjallað um framlag rannsóknarinnar til þekkingar á klösum og klasastarfi.

Í þessari grein er stuðst við kenningar Michaels E. Porters (1990, 1998, 2000, 2003, 2008) um klasa og einnig líkan Michaels Enright (2003) á þróunarskeiðum klasa og greiningarvinnan tekur einnig mið af þeim. Fyrst er gerð grein fyrir nálgun Porters og fjallað nánar um hana í samhengi við aðrar klasakenningar, ekki síst í tengslum við tónlistarklasa.

## 2 Klasafræði og klasar á sviði tónlistar

Til að varpa ljósi á íslenska tónlistarklasann og stöðu hans í þróunarferli klasa er nauðsynlegt að skoða þróun hans í ljósi klasakenninga. Fræðin um klasa eiga sér yfir aldargamla sögu og til eru yfirlitsgreinar sem gefa mynd af þróun kenninganna og fjölbreytninni þegar kemur að grundvallarskilgreiningum (Cruz og Teixeira, 2010; Lazzeretti o.fl., 2014). Þróun klasakenninga hefur verið dregin saman í ólíka skóla (Deutz og Gibbs, 2008) sem leggja áherslu á ólíka hluti, svo sem iðnaðarhverfi Marshalls, ítalska skólann, sveigjanlega sérhæfingu, samkeppnishæfni og klasa, svæðisbundna þróun og þekkingu og tengslanet (Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson, 2014a). Einn af þessum skólum í klasafræðum er nálgun Michaels E. Porters.

## 2.1 Klasanálgun Porters

Að mörgu er að hyggja þegar kemur að skilgreiningum á klösum. Martin og Sunley (2003) benda á að sjálft klasahugtakið megi rekja til Michaels Porter en telja skilgreiningu hans þó frekar óljósa. Í kenningum Porters er litið á klasa sem þyrpingu fyrirtækja og stofnana sem tengjast tiltekinni starfsemi á tilgreindu landfræðilega afmörkuðu svæði þar sem bæði samvirkni og samkeppni gætir á milli aðila (Porter, 1998, 2008). Innan klasa er þannig að finna margháttað samspil á milli fyrirtækja og stofnana, bæði samkeppni og samstarf, sem jafnan skilar sér í almennt bættum hag viðkomandi starfsgreinar (Ketels og Sölvell, 2006). Samspil innan klasa felur í sér að fyrirtæki og stofnanir geta bætt stöðu sína og laðað til sín hæft starfsfólk um leið og klasasamstarfið ýtir undir miðlun þekkingar, tæknikunnáttu og annarra hagnýtra upplýsinga (Lindqvist, Ketels og Sölvell, 2012). Virkur klasi stuðlar að verðmætasköpun og samkeppnishæfni fyrirtækjanna og hefur einnig jákvæð áhrif á stofnanirnar sem starfa innan klasans (Ketels, 2013). Þetta allt stuðlar að eflingu og hagvexti á viðkomandi svæði (Porter, 1998, 2003; Delgado o.fl., 2014).

Klasahugtakið nær yfir fleiri aðila á tilteknu svæði en hugtakið atvinnugrein. Atvinnugrein er jafnan skilgreind út frá staðlaðri atvinnugreinaflokkun sem miðast við aðalafurðina sem framleidd er í viðkomandi atvinnugrein (Stiles, 1992). Fyrirtækin í atvinnugreininni sem telst vera aðalstarfsemi klasa, mynda kjarna klasans. Hugtakið klasi varpar ljósi á að oft eru það fyrirtæki utan aðalatvinnugreinarinnar sem veita mikilvæga þjónustu sem ýtir ekki síður undir verðmætasköpunina í klasanum (Sölvell, Lindqvist og Ketels, 2003; Ffowcs-Williams, 2012; Lindqvist o.fl., 2012). Innan tónlistarklasa má nefna ólíka aðila sem koma að framleiðslu tónlistar á geisladiski. Þótt sköpun tónlistarinnar sé í kjarna klasans þá eru allir sem koma að framleiðslunni nauðsynlegir þátttakendur í henni. Þetta eru til dæmis auk tónlistarmanna, grafískir hönnuðir, umboðsskrifsstofa, prentsmiðja, upptökuver og dreifingaradilar. Öll þessi fyrirtæki og einstaklingar eru hluti af sama klasa þegar þeir vinna saman að t.d. framleiðslu eins geisladisks (Beyers o.fl., 2004).

Klasar geta ráðið miklu um samkeppnishæfni þjóða í alþjóðlegu samhengi (Porter, 1990), ekki síst ef þeir hafa náð að þróast hvað varðar stöðu og umsvif þannig að viðkomandi klasa megi lýsa sem virkum (*e. working cluster*) (Enright, 2003). Öflug starfsemi á heimamarkaði, þar sem þróast hefur bæði þekking og færni sem stuðlar að samkeppni og samvirkni á milli fyrirtækja og stofnana, verður til þess að bæði fyrirtæki og klasar standa sterkari að vígi í alþjóðlegu umhverfi (Porter, 1990, 2003). Virkur klasi eykur nýsköpun, stuðlar að aukinni framleiðni, hvetur til góðra viðskiptahátta og ýtir undir traust (Porter, 1998, 2008; Delgado o.fl., 2014). Virkur klasi er til marks um gróskumikla starfsemi á tilteknum svæði sem hefur aðdráttarafi og laðar til sín fleiri verkefni og viðskipti, ekki síst erlendis frá (Ketels og Memedovic, 2008). Í virkum klasa eru margir og mismunandi aðilar þátttakendur og innan hans er unnið að verkefnum og samræmingu sem oft eru skipulögð innan svokallaðra klasaframtaka (*e. cluster initiatives*) (Ketels og Memedovic, 2008; Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson, 2014b; Runólfur Smári Steinþórsson, 2016b).

Hugtakið klasi varpar einkum ljósi á þrennt: a) tiltekna *staðsetningu* þar sem fyrirtæki og stofnanir tengdar tiltekinni starfsemi hafa safnast saman, b) virka efnahagsleg starfsemi sem leiðir til verulegrar *verðmætasköpunar* á svæðinu og dregur þannig fram sérstöðu þess á alþjóðavísu, og c) *viðskiptaumhverfi* klasans markast af framangreindu samspili og þegar vel gengur verður til jákvæður spirall vegna þeirra ytri áhrifa sem efla klasann (Ketels og Memedovic, 2008). Þar sem klasi er virkur og öflugur njóta fyrirtæki, stofnanir og svæði sem eiga í hlut aukinnar hagsældar vegna samsöfnunar, samtengingar og samvirkni sín á milli (Wolman og Hincapie, 2015).

Klasa má skoða sem náttúrulegt fyrirbæri (Ketels og Memedovic, 2008) með tengsl við sögu og hefðir á þeim svæðum sem þá er að finna (Berg o.fl., 2014). Þeir eru líka mismunandi (Markusen, 1996; Ketels, 2003) og þess vegna er mikilvægt að átta sig á því hvers konar virkni og starfsemi stuðlar að því að þeir nái að þróast (Porter, 2003). Margt hefur

áhrif á þessa þróun og má þar nefna samspil á milli þeirra aðila sem starfa innan klasans (Best, 2001; Lindqvist o.fl., 2012), þátt háskóla (Wolfe, 2005; Smith, 2007) og klasamiðaða nálgun stjórnvalda (Ketels, 2009).

Meginmarkmiðið með því að efla klasa er að stuðla að hagsæld og treysta samkeppnishæfni viðkomandi starfsemi á ákveðnu landsvæði. Þetta er mögulegt með því að ýta undir virkni klasans, eins og fyrr segir, t.d. með klasaframtaki (*e. cluster initiative*) sem meðal annars getur miðað að því að koma á góðri tengingu milli atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana en slíkt samstarf stuðlar að nýsköpun og framþróun innan atvinnugreinarinnar í heild (Sölvell o.fl., 2003). Með nánú samstarfi tekst fyrirtækjum og stofnunum að samnýta auðlindir og þekkingu og ná þannig samlegðaráhrifum sem hafa jákvæð áhrif á starfsemina (Rosenfeld, 1997). Þróun klasa byggist að mestu leyti á samvinnu fyrirtækja og stofnana í viðkomandi atvinnugreinum og tengdum greinum en einnig á menningarlegum og félagslegum grunni (Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson, 2014a). Jafnvel þó að fyrirtæki eigi í samkeppni getur samstarf af þessu tagi aukið verðmætasköpun og eflt samkeppnishæfni fyrirtækja innan greinarinnar (Porter, 1998; Ketels, 2009).

Ekki er hvað síst mikilvægt að ýta undir nýsköpun og stuðla þannig að verðmætasköpun og endurnýjun innan greinarinnar. Verðmæti geta jafnframt falist í orðspori, þekkingu, hæfni starfsmanna, tæknigetu og menningu stofnana (Austin, 2000). Stofnanir og fyrirtæki geta byggt upp sameiginlegan þekkingargrunn með því að skiptast á sérhæfðri þekkingu sem nýtist þeim sem starfa innan klasans á margvíslegan hátt. Þar skiptir gott upplýsingaflæði og góð samskipti milli þeirra sem starfa innan greinarinnar miklu máli (Sölvell o.fl., 2003; Lindqvist o.fl., 2012).

## 2.2 Klasar í listgreinum og tónlist

Í listgreinum er algengt að listsköpun byggist á samstarfi ólíkra aðila innan sömu greinar. Því er ekki óalgengt að klasar þróist innan listgreina og margir hafa haldið því fram að klasasamstarf sé að mörgu leyti drifkraftur þeirra (Power og Jansson, 2006; Vang, 2007). Víða eru listklasur sjálfsprottnir og byggjast að miklu leyti upp á persónulegum tengslum ólíkra aðila sem starfa innan sama klasa (Chapain, Cook, De Propriis, McNeill og Mateos-Garcia, 2010). Það er raunar eðli klasa að vera sjálfsprottnir (Ketels, 2003). Þeir klasar þar sem jákvæð ytri áhrif eru virkust og verðmætasköpun einna mest tengjast jafnan útflutningi og alþjóðaviðskiptum frekar en staðbundnum viðskiptum (Porter, 2003). Listklasur og tónlistarklasur eru alþjóðlegir í eðli sínu og byggjast á skapandi fólki í skapandi störfum sem líka er lykill að aukinni verðmætasköpun (Florida, 2002). Einnig hefur verið bent á að með því að tvinna saman nálgun Porters, sem varpar ljósi á virka og árangursríka klasa á tilteknum svæðum, og kenningu Florida, um þýðingu þess að störf miði að sköpun og að fólk sé skapandi, megi ná enn betur utan um það hvaða klasar með alþjóðlega skírskotun séu að skila framúrskarandi verðmætasköpun og jafnframt hvað það er sem helst einkenni aðstæður og skilyrði slíkra klasa (Martin o.fl., 2015).

Klasar þróast á mismunandi hátt og hlutverk stjórnvalda getur verið frá því að vera mjög lítið yfir það að vera mikið (Fromhold-Eisebith og Eisebith, 2005). Á fyrstu stigum klasaþróunar, sem tekur jafnan langan tíma, er sjaldgæft að einhver einn aðili hafi beina aðkomu að klasaþróuninni, þ.e. þeirri samsöfnun fyrirtækja og stofnana sem er að myndast á tilteknum stað og því samspili og samvirkni sem þróast á milli aðila. Aðstæður eru því þannig að það er ekki verið að ýta með neinum sérstökum hætti undir tækifæri sem klasasamstarfið býður upp á (Porter, 2000). Það er eðli klasa að byggja á gömlum grunni og mótast smám saman yfir lengri tíma (Ketels, 2003). Ef stjórnvöld hafa vilja til að efla klasasamstarf getur verið gagnlegt að styrkja þá klasa sem eru til staðar og ýta undir frekari þróun innan þeirra (Chapain, Cook, De Propriis o.fl., 2010). Eftir að klasi hefur verið kortlagður gefst tækifæri til að huga að klasaeflandi aðgerðum, þar með talið að hefja stefnumótun og skoða hvernig megi efla klasann og bæta vaxtarskilyrði hans (Sölvell o.fl.,

2003; Lindqvist o.fl., 2012; Sölvell og Williams, 2013). Öflugur og virkur klasi getur skilað miklum ávinningi til atvinnugreinarinnar og samfélagsins í heild (Chapain o.fl., 2010).

Innan listgreina byggjast klasar á þeim listamönnum sem starfa innan greinarinnar og vinna að listsköpum, þeirri framþróun sem hefur orðið innan hennar og nýsköpun í listum og menningu. Þannig verður til vettvangur innan klasa þar sem hæfileikafólk mætist, nýjar hugmyndir koma fram og fólk veitir hvert öðru hvatningu og innblástur (Chapain o.fl., 2010; Boix, Lazzaretti, Hervás og De Miguel, 2011). Klasasamstarf í listgreinum stuðlar að tjáningargleði, listrænni örvun og ætti að auka fjölbreytileika innan greinarinnar (Chapain o.fl., 2010). Klasi er jafnframt vettvangur fyrir tengslanet listamanna og sérfræðinga sem hafa mikil áhrif á menningu þess landsvæðis þar sem viðkomandi klasa er að finna. Einstaklingar leika oft stærra hlutverk innan listklasa en annarra klasa og jafnframt gegna ýmsar stofnanir sem ekki eru reknar af hagnaðarsjónarmiðum oft mikilvægu hlutverki (Chapain o.fl., 2010; Boix, Lazzaretti o.fl., 2011). Áhugaverð nýsköpun innan listklasa á sér stað í grasrótinni og því er lykilatriði að hlúa vel að henni og sjá til þess að ungir og hæfileikaríkir listamenn fái tækifæri til þess að vinna að list sinni og koma henni á framfæri (Chapain o.fl., 2010; Jansson og Power, 2010). Listgreinar hafa vaxið ört á síðustu árum og margir halda því fram að skapandi greinar hafi átt stóran hlut að máli í efnahagsbata margra landa eftir efnahagsþrengingar síðustu ára (Chapain o.fl., 2010; Power og Janson, 2006; Vang, 2007).

Í listklasa deila fyrirtæki og stofnanir sérhæfðri þekkingu og hæfileikum sem nýtist þeim sem starfa innan hans (Agúst Einarsson, 2012). Stofnanir og fyrirtæki sækja þekkingu og stuðning frá þeim sem standa að sambærilegri starfsemi og ólíkir aðilar ná þannig að samnýta þekkingu og þá hæfileika sem er að finna í mannauðnum innan klasans. Þetta er oft kallað þekkingarflakk eða jákvæð ytri áhrif (*e. spillover effect*) (Marshall, 1920). Aðgengi að upplýsingum innan ákveðinna listgreina er á hinn bóginn oft takmarkað og því getur verið erfitt að safna nægilegum gögnum til þess að öðlast yfirsýn yfir gróskuna í listgreinum á ákveðnu landsvæði (Boix o.fl., 2011; Agúst Einarsson, 2012). Klasar í listgreinum eru þó yfirleitt fyrir hendi í þéttbýli, ekki síst í miðbæjum stórborga, þar sem finna má fjölda menningarstofnana og listaháskóla sem tengjast oft innbyrðis. Klasarnir eru oft og tíðum afmarkaðir á litlu svæði og nálægð og samvinna er mikil innan þeirra (Power og Jansson, 2006; Lazzaretti, 2008; Heur, 2008).

Sem dæmi um tónlistarklasa innan stórborgar er tónlistarklasi Berlínarborgar, en þar er að finna á mjög litlu svæði í borginni tónlistarháskóla, tvö óperuhús, stóran tónleikasal og ótal fleiri stofnanir sem tengjast tónlist (Berlin music commission, e.d). Þessar stofnanir tengjast á margan hátt, styrkja hver aðra og samnýta ýmsa þætti, bæði í listrænum og rekstrarlegum skilningi. Svipuð dæmi má finna víða í stórborgum Vesturlanda. Árið 2011 gerðu Boix, Lazzaretti, Hervás og De Miguel víðtæka rannsókn sem fólst í því að kortleggja klasa innan listgreina og annarra skapandi greina í Evrópu. Kortlagðir voru 1.784 listatengdir klasar í Evrópu og niðurstöður sýndu að stærstu listklasana væri að finna í hjarta stórborganna (Boix o.fl., 2011). Rannsakendur ályktuðu af þessu að stóru klasarnir væru umkringdir fleiri minni klösnum innan sömu greina. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að stærstu klasana væri að finna í London og París. Klasar sem voru greindir á sama landsvæði tengdust oft sterkum böndum og samvinna milli þeirra var mikil (Boix o.fl., 2011). Áður hafði Lazzaretti (2008) fjallað um listklasa og niðurstaða hans var að samvinna sé nánari og samþjöppun meiri í listgreinum en í öðrum atvinnugreinum. Margir þrengri klasar innan sömu greinar geta þrífist í sömu borg eða á sama svæði. Stórar borgir ein-kennast oft af fjölbreytni í listum og fjölmennningarlegu umhverfi í listum og menningu. Tónlistarlíf stórborga er enn fremur yfirleitt hægt að greina í margar ólíkar tónlistarstefnur og greinar sem starfa hlið við hlið (Freemann, 2010).

Árið 2004 var gerð rannsókn við Háskólann í Washington í samvinnu við borgaryfirvöld Seattle þar sem tónlistarklasinn í Seattle var kortlagður og viðtöl tekin við listamenn og stjórnendur lykilstofnana og fyrirtækja á sviði tónlistar í borginni (Beyers, Bonds, Wenzl

og Sommers, 2004). Rannsóknin leiddi í ljós að stofnanir og fyrirtæki á sviði tónlistar höfðu gegnt lykilhlutverki í efnahagslegri uppbyggingu borgarinnar á árunum áður en rannsóknin var gerð. Hið áhugaverða og einstaka tónlistarlíf borgarinnar var metið sem ein af verðmætustu auðlindum sem hún hafði yfir að ráða. Áheyrendur komu víða að til þess að njóta þess fjölbreytta og áhugaverða tónlistarlífs sem er í Seattle. Einnig höfðu ýmis fyrirtæki innan tónlistariðnaðarins og tónlistarmenn flutt starfsemi sína til borgarinnar vegna aðstöðunnar sem þar er til staðar. Fjöldmörg upptökuver er að finna í borginni og mikill fjöldi tónlistarmanna kemur þangað til þess að hljóðrita verk sín. Niðurstaða rannsóknarinnar var að Seattle stæði sterkum fótum í tónlistariðnaðinum á alþjóðlegan mælikvarða og væri samkeppnishæf í alþjóðlegu tónlistarlífi. Þær aðstæður sem gerðu þetta mögulegt voru ekki síst öflugar menntastofnanir, fyrsta flokks upptökuver, tónleikasalir og gott orðspor sem borgin hefur öðlast í tónlist þegar til lengri tíma er litið. Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um að í Seattle sé gott aðgengi að tónlistarmenntun og að tónlistarskólakerfið sé öflugt. Seattle reyndist líka hafa markvisst byggt upp gott menntakerfi og veitir stuðning til tónlistarmenntunar (Beyers o.fl., 2004).

Priðja dæmið um rannsókn þar sem fjallað er um tónlistarklasa er frá höfuðvígi kántrí-tónlistar í Bandaríkjunum, Nashville í Tennessee-fylki (Bernard, Chaturveti o.fl., 2012) Rannsóknin sýndi fram á að tónlistariðnaðurinn í Nashville var eina atvinnugreinin þar á bæ sem efnahagskreppan sem hófst árið 2008 hafði ekki haft nein áhrif á. Borgaryfirvöld höfðu á markvissan hátt byggt upp sterkan tónlistarklasa, fjárfest í menntakerfinu og markaðssett tónlistarlíf borgarinnar. Tónlist hefur alltaf gegnt mikilvægu hlutverki í daglegu lífi Nashville-búa og er stór hluti af sjálfsmynd borgarinnar. Borgaryfirvöld nýttu sér orðsporið sem fór af tónlistarlífi Nashville til þess að byggja þar upp sterkan tónlistarklasa (Bernard o.fl., 2012). Borgin skapaði þannig góðar aðstæður fyrir fyrirtæki og stofnanir innan tónlistariðnaðarins svo þau gætu vaxið og dafnað. Borgin var markvisst markaðssett sem góður staður fyrir tónlistarmenn til að hljóðrita tónlist sína og þekkt er að upptökuver borgarinnar bjóða lægra verð en sambærileg upptökuver í t.d. Los Angeles (Bernard o.fl., 2012; Harper, Cotton og Benefield, 2013). Þess vegna hafa á undanförunum árum mörg fyrirtæki í tónlistariðnaðinum flutt starfsemi sína til Nashville þar sem aðstæður eru góðar (Bernard o.fl., 2012; Harper o.fl., 2013). Jafnframt er boðið upp á fjölda tónlistarhátíða þar sem byggt er á fornri frægð Nashville og þeirri tónlistarhefð sem er upprunnin á þessu svæði (Bernard o.fl., 2012; Harper o.fl., 2013). Fjöldi manns sækir borgina heim á hverju ári til þessa að njóta þess að hlusta á fjölbreytta kántrítónlist á heimaslóðum hennar (Bernard o.fl., 2012). Borgaryfirvöld í Nashville tóku einnig þá ákvörðun að leggja sérstaka áherslu á góða tónlistarmenntun og að byggja upp gott tónlistarskólakerfi í borginni. Staða tónlistarklasans í Nashville er líka til umfjöllunar í rannsókn Harper og meðhöfunda en þar kemur fram að fjöldi þeirra sem vinna í tónlistarklasanum í Nashville er nálægt þrisvar sinnum meiri en á öðrum stöðum í Bandaríkjunum (Harper o.fl., 2013).

Í ofangreindum rannsóknum á tónlistarklösum er bent á borgir sem gerðu sér grein fyrir sérstöðu sinni innan tónlistariðnaðarins og notuðu hana til þess að byggja upp öflugt tónlistarlíf. Í þessum rannsóknum er fjallað um mikilvægi þess að skapa aðstæður þar sem listamenn, stofnanir og fyrirtæki innan tónlistariðnaðarins njóta góðra skilyrða til þess að blómstra.

### 3 Rannsóknaraðferð


Í þessari rannsókn á því hvort finna megi vísi að tónlistarklasa á Íslandi er fyrst og fremst stuðst við aðferðafræði raundæmisrannsókna (Eisenhardt, 1989; Yin, 2003). Sú nálgun hentar vel þegar rýnt er í eitt eða fá raundæmi. Raundæmisrannsókn (e. case study) byggist á margs konar raungögnum, ýmist fyrirbyggjandi gögnum eða frumgögnum, um samtímafyrirbæri og út frá þeim er það skoðað í sínu eigin samhengi (Yin, 2003).

Rannsóknir á klösum eru margvíslegar og ná þær bæði á breiddina og dýptina. Sem dæmi um rannsóknir á breiddina má nefna kortlagningu klasa í Bandaríkjunum (Cluster

Mapping, mapping a nation of regional clusters, e.d.) og í Evrópu (Clusters at your fingertips, e.d.). Í þeim byggist kortlagningin að miklu leyti á fyrirbyggjandi gögnum um atriði eins og fyrirtæki og stofnanir, staðsetningu þeirra, atvinnuþátttöku, laun og útflutning. Unnið er úr þessum gögnum á tölfræðilegan hátt. Raundæmisrannsóknir eru einnig og ekki síður nýttar við greiningu á stökum klösum til að afla dýpri upplýsinga en tekst að ná fram með kortlagningu á breiddina (Ketels og Sölvell, 2006).

Af þessum ástæðum er aðferðafræði raundæmisrannsókna talin falla best að þeirri rannsókn sem hér er framkvæmd. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi er rannsóknin framhald á fyrirbyggjandi raundæmisrannsókn þar sem byggt er á fyrirbyggjandi gögnum (Freyja Gunnlaugsdóttir, 2015). Í öðru lagi er þessi rannsókn hluti af stærra rannsóknarverkefni þar sem markmiðið er að fá innsýn og yfirsýn yfir mörg raundæmi um klasa á Íslandi (Runólfur Smári Steinþórsson, 2016a). Í þriðja lagi eru aðferðafræðileg rök fyrir þessari nálgun því ætlunin er að ná utan um tiltekið fyrirbæri í raunveruleikanum sem raundæmi (e. case) með fjölbreyttum gagnaöflunaraðferðum og þar á raundæmisrannsókn vel við (Robson, 1993; Yin, 2003).

Við gagnaöflunina um tilvist og stöðu tónlistarklasa á Íslandi hefur verið tekið mið af viðmiðum Ketels og Sölvells (2006) við klasagreiningu. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 2014-2016 og áherslan var á að safna fjölbreyttum gögnum úr ólíkum áttum til að átta sig sem best á því sem varpar ljósi á mögulegan tónlistarklasa og forsendum fyrir hann. Frjáls aðgangur fékkst að öllum gögnum varðandi tónlistariðnaðinn á Íslandi hjá Félagi íslenskra hljómlistarmanna. Upplýsingar um lög og reglugerðir voru sóttar af heimasíðu Alþingis og ýmsar gagnlegar upplýsingar á vef ráðuneyta og Reykjavíkurborgar. Jafnframt var stuðst við skýrslur, blaðagreinar, skriflegar frásagnir, bækur, greinar og annað útgefið efni um tónlistarlífið. Gerð er sérstök grein fyrir þessum gögnum og greiningu á þeim í kafla um forsendur fyrir tónlistarklasa á Íslandi.



Mynd 1. Fimm skeið í þróun klasa (byggð á Enright, 2003)

Við frekari úrvinnslu gagnanna og framsetningu á niðurstöðum um tónlistarklasann er í fyrsta lagi stuðst við klasakort sem verkfæri (Porter, 1990, 1998; Austrian, 2000). Klasakort er grafísk framsetning á þeim klasa sem er til umfjöllunar og aðferðinni er ætlað að draga fram fram þá aðila sem telja má til klasans og hafa með höndum verkefni sem hafa sérstaka þýðingu fyrir klasann og virkni hans (Porter, 1990, Runólfur Smári Steinþórsson, 2016a).

Í öðru lagi er gerð greining á gögnunum til að meta á hvaða skeiði í þróun klasa megi telja að tónlistarklasi á Íslandi sé. Hér er stuðst við nálgun Michaels Enright (2003) sem

skiptir þróunarskeiðum klasa í fimm skeið. Þessi skeið eru a) ósk um klasa (*e. wishful thinking cluster*), b) stefnt að klasa (*e. policy-driven cluster*), c) vísir að klasa (*e. potential cluster*), d) dulinn klasi (*e. latent cluster*), og e) virkur klasi (*e. working cluster*). Nálgun Enrights varð fyrir valinu vegna þess að hún miðast við svæðisbundna klasa, gerir skýran greinarmun á milli þróunarskeiða auk þess sem nálgunin hefur verið notuð í öðrum rannsóknum (Ings-trup og Damgaard, 2013). Útfærsla höfunda á hinum fimm skeiðum í þróun klasa (sjá mynd 1) tekur mið af umfjöllun Enrights um þessi skeið en ekki er um beina þýðingu á ensku hugtökunum að ræða (2003, bls. 104):

Skeið 1 - *Ósk um klasa* svarar til klasa sem hefur verið nefndur af einhverjum klasaaðila sem hugmynd eða ósk, en hvorki er nægilegur fjöldi aðila í klasanum né neitt samspil eða klasasamstarf á milli þeirra.

Skeið 2 – *Stefnt að klasa* svarar til klasa sem hefur verið tilgreindur eða skilgreindur af einhverjum klasaaðila, t.d. hinu opinbera, í stefnu um stofnun klasa, en bæði er virkni og fjöldi aðila í klasanum ófullnægjandi og það er tæplega til staðar neitt samspil eða klasasamstarf.

Skeið 3 – *Vísir að klasa* svarar til klasa sem er kominn á legg og á sér áhugasama klasaaðila, bæði einkaaðila og opinbera aðila. Það eru vísbendingar um nægilegan fjölda og virkni aðila í klasanum en ekki mikið um það sem kalla má skilgreint klasasamstarf.


Skeið 4 – *Dulinn klasi* svarar til klasa sem er sannanlega til staðar á viðkomandi svæði og klasaaðilar eru virkir hver um sig, bæði einkaaðilar og opinberir aðilar. Samsöfnunar-áhrif eru talsverð og þekkingarmiðlun á sér stað á milli aðila en klasinn hefur ekki þróað með sér klasasamstarf, t.d. með starfsemi klasaframtaka.

Skeið 5 – *Virkur klasi* svarar til klasa sem er til staðar á viðkomandi svæði og klasaaðilar eru virkir hver um sig, bæði einkaaðilar og opinberir aðilar. Samsöfnunaráhrif eru mikil og öflug þekkingarmiðlun á sér stað á milli aðila. Klasamiðuð viðskiptaþróun er innan klasans og á vettvangi hans er umtalsvert klasasamstarf, t.d. með starfsemi virkra klasaframtaka.

Þessi flokkun í fimm skeið í þróun klasa takmarkast af þeim fræðilega grundvelli sem er að baki nálgun Enrights (2003) og einnig af því að um útfærslu höfunda er að ræða á þeirri nálgun. Tilgangurinn er fyrst og fremst að gera mögulegt að greina á milli aðskildra þróunarskeiða og varpa þannig áhugaverðu ljósi á stöðu tónlistarklasa á Íslandi.

Í þriðja lagi er svo rýnt í stöðu og aðstæður íslenska tónlistarklasans út frá demanti Porters (1990), en verkfærið er viðurkennt og notað í greiningum af þessu tagi (Ketels og Sölvell, 2006). Til að auðvelda lesendum að átta sig á verkfærinu er því lýst stuttlega. Demanturinn skiptist í fjóra meginfleti, sjá mynd 2 hér að neðan. Fyrst má nefna *framleiðsluþætti* klasans þar sem einkum er horft til umfangs og aðgengis að hvers kyns aðföngum og framleiðsluþáttum sem og sérhæfni þeirra. Næst er vikið að *eftirspurnaraðstæðum* klasans þar sem rýnt er þætti sem ýta undir eftirspurn eftir vörum og þjónustu sem er á því svæði sem um er að ræða. Þessar tvær víddir eru settar fram lárétt í demantinum. Lóðrétt eru líka tvær víddir. Ef litið er til *aðstæðna fyrir stefnumiðaðan rekstur* þá snýst greiningin um að draga fram hversu mikið svigrúm í regluverki og aðstæðum er til stofnunar fyrirtækja, þróunar á stefnu þeirra, skipulagi og þátttöku í samkeppni. Að lokum er í demantinum litið til greiningar á *tengdum greinum* en hún opnar augun fyrir þeim tækifærum sem fyrirtæki og stofnanir á svæðinu hafa á sviði samvirkni og tenginga við aðila í öðrum atvinnugreinum (Porter, 1990; Hálfmán Karlsson og Runólfur Smári Steinþórsson, 2009). Þessi greining takmarkast einnig við þann grundvöll sem hún byggist á, þ.e. kenningar og þann skóla í klasafræðum sem kenndur er við Michael E. Porter. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þessari nálgun og vísað til þess að til eru fleiri skólar og leiðir til að rýna í klasa. Eins og bent var á í inngangi er greiningin gerð til að fá fram upplýsingar um einkenni og áskoranir tónlistarklasa á Íslandi og takmarkast niðurstöður og umfjöllun við það dæmi. Niðurstöðurnar hafa hagnýtt gildi fyrir tónlistarklasann og eru innlegg í fræðilega umræðu um klasa í litlu fámennu landi, eins og vikið var að í inngangi.





Mynd 2. Demantur Porters (byggt á Porter, 1990)

Í þessum kafla hefur verið gerð grein fyrir því hvernig rannsókninni og gagnaöfluninni hefur verið háttað. Rannsóknin er byggð á fyrirliggjandi gögnum um forsendur fyrir klasa í tónlist. Athugunin á gögnunum hefur skilað klasakorti sem sýnir tónlistarklasann, klasinn er einnig metinn út frá nálgun Enrights (2003) yfir fimm möguleg skeið í klasaþróun og að endingu er gerð greining á klasanum út frá demanti Porters (1990). Nú verður vikið að niðurstöðum.

## 4 Vísir að tónlistarklasa á Íslandi

Viðfangsefni greinarinnar er að skoða tónlist á Íslandi út frá spurningunni um hvort finna megi klasa á þessu sviði hérlendis út frá nálgun klasafræðanna sem stuðst er við og með hliðsjón af þeim rannsóknum á tónlistarklössum sem hefur verið lýst. Eftirfarandi eru niðurstöður rannsóknarinnar.

### 4.1 Forsendur fyrir klasa í tónlist á Íslandi

Á Íslandi er heildarvelta tónlistariðnaðarins um 15 milljarðar á ári, en það er um 1% af landsframleiðslu (Ágúst Einarsson, 2013). Við tónlistariðnaðinn á Íslandi starfa um 1.500 manns hið minnsta, það eru þeir sem starfa beint við tónlist en sú tala er mun hærri ef afleidd störf eru einnig talin, en ekki liggja fyrir tölur um hversu margir starfa óbeint við tónlistariðnaðinn. Fyrir utan þá sem starfa beint við tónlist er einnig fjöldi fólks sem iðkar listina reglulega (Ágúst Einarsson, 2013). Þúsundir Íslendinga syngja í þeim fjölmörgu kórum sem starfandi eru á Íslandi að ógleymdum þeim sem leika í lúðrasveitum og iðka aðra tónlist af margvíslegu tagi. Einnig leikur og syngur fjöldi manna í hljómsveitum sér og öðrum til ánægju þó að þeir starfi ekki sem tónlistarmenn. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi íslenskra hljómlistarmanna voru 750 manns skráðir í félagið árið 2016 (FÍH, e.d.). Jafnframt voru 550 félagsmenn skráðir í FT, Félag tónlistarskólakennara (FT, e.d.), 350 manns skráðir í FTT, Félag tónskálda og textahöfunda (FTT, e.d.) og 550 félagsmenn skráðir í Tónskáldafélag Íslands (TÍ). Þess ber þó að geta að félagsmenn þessara félaga skarast að nokkru leyti því sum þeirra eru stéttarfélög en önnur hagsmunafélög (FÍH, e.d.).

**Tafla 1.** Opinber framlög til tónlistar (Fjárlög, 2011–2015).

	2011	2012	2013	2014
<b>Upphæð í milljónum alls</b>	<b>897</b>	<b>1069</b>	<b>1170</b>	<b>1135</b>
Stofnanir alls	714,9	858,5	901,8	930,2
Sinfóníuhljómsveit Íslands	714,9	858,5	901,8	930,2
<b>Opinberir sjóðir alls</b>	<b>129,5</b>	<b>154,8</b>	<b>192,7</b>	<b>160,2</b>
Launasjóður tónskálda	40,6	55,4	57,3	59,2
Launasjóður tónlistarflytjenda	45,3	52,4	54,3	56,1
Tónlistarsjóður	43,6	47	81,1	44,9
<b>Önnur verkefni alls</b>	<b>52,6</b>	<b>56</b>	<b>75,6</b>	<b>44,6</b>
Iceland Airwaves	5	4,7	2	0
Tónlist fyrir alla	6,3	6,2	6	0
ÚTÓN	22,7	26	46	26
Tónlistarfl. við kirkjulegar athafnir	0,9	0,9	0,9	0,9
Tónlistarflutningur við jarðarfari	4,3	4,3	4,3	4,3
Íslenska tónverkamiðstöðin	10,4	10,2	13,4	13,4
Félag kvikmyndatónskálda	0	0,5	0	0
Tónskáldafélag Íslands	0	1	1	0
Ung Nordisk Musik	0	0,2	0	0
Biophilia	0	2	2	0
Reykholts hátíð	1	0	0	0
Músík í Mývatnssveit	1	0	0	0
Sumartónleikar í Skálhóti	1	0	0	0

Heimilid: Freyja Gunnlaugsdóttir (2015).

Aðgerðir stjórnvalda skipta miklu máli fyrir tónlistariðnaðinn. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir opinber framlög til tónlistariðnaðarinnar á árunum 2011–2014. Stærstur hluti þessara framlaga kemur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu en einnig er hluti frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011). Framlög til tónlistar virðast fremur lág ef miðað er við heildarframlög til annarrar menningarstarfsemi og skapandi greina. Í skýrslunni „Skapandi greinar sýn til framtíðar“ sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2012 kemur fram að í fjárlögum árið 2012 hafi heildarframlög til skapandi greina verið 7095 milljónir en af þeim framlögum hafi 15,1% runnið til tónlistarlífsins. Árið áður hafði það hlutfall verið 12,7% (Ása Richardsdóttir, 2012).

## 4.2 Kortlagning tónlistarklasans

Til að átta sig nánar á því hvort klasi sé til staðar hér á landi er hér sett fram klasakort sem byggist á gögnum rannsóknarinnar. Útfærslan á klasakortinu er gerð af höfundum, en aðferðin tekur mið af klasakorti Porters (Runólfur Smári Steinþórsson, 2016a) eins og lýst var í kaflanunum um rannsóknaraðferðina hér að ofan. Kortlagning á klasa með grafískum hætti getur eðli málsins ekki verið mjög nákvæm en gefur góða yfirsýn yfir viðkomandi klasa og það umhverfi sem hann starfar innan. Í klasakortlagningu er horft til samspilsins á milli klasaaðila og þeirrar verðmætasköpunar sem verður til innan klasans.

Á klasakorti af íslenska tónlistarklasanum (sjá mynd 3) má sjá flokkana sem vísa til helstu aðila klasans. Við kortlagninguna er varpað ljósi á mikilvægustu aðila klasans. Í miðju klasakortsins er kjarnastarfsemi tónlistarklasans. Meginflokkarnir eru sköpun tónlistar, framleiðsla tónlistar, tónlistarflutningur og tónlistarkennsla. Forsenda fyrir kjarnastarfsemi er sjálft tónlistarfólkið, tónskáld og flytjendur. Tónskáldin koma að sköpun tónlistar og að framleiðslu tónlistar ásamt aðstoðarfólki og útgefendum. Birtingarmynd kjarnastarfseminnar er einnig lifandi tónlistarflutningur þar sem tónlistarmenn eru í aðalhlutverki og miðla tónlistinni til áheyrenda. Í miðju kortsins eru einnig settir lykilinnviðir

eins og hljóðver og tónleikasalir, enda er það þar sem tónlistin er annars vegar tekin upp og flutt beint.

Í samræmi við hefðbundna framsetningu á klasakorti er kortið lýsandi fyrir ferli verðmætasköpunar. Vinstra megin á klasakortinu er að finna þá sem koma að gerð tónlistar, þ.e. tónlistarfólkið sjálft, og hvaða aðföng þarf til þess að tónlistin geti orðið til. Þar má nefna þá sem eru sérhæfðir í að gera við og gera hljóðfæri tiltæk til notkunar. Einnig þeir sérfræðingar og aðilar sem hafa til reiðu tæknibúnað og veita tækniþjónustu svo unnt sé að framleiða og flytja tónlist. Hægra megin á klasakortinu sjáum við aftur á móti þá sem skapa skilyrði fyrir hina sem vilja njóta tónlistar. Þetta eru þeir aðilar sem ýta undir eftirspurnina á þeirri þjónustu sem kjarnaaðilar klasans geta veitt. Hér má nefna þá sem skapa skilyrði fyrir tónlistarflutning til tónlistarverðlauna, aðila sem koma að skipulagningu tónleika og tónlistarhátíða, auk þeirra sem hafa atvinnu af því að fjalla um tónlist og tónlistarviðburði á faglegan hátt. Einnig má nefna að tengdir klasar geta haft mikil áhrif á forsendur fyrir velgengni klasa. Í klasakortinu er stuttlega vikið tengdum klösum en ekki er útfært frekar hvernig þessir klasar vinna með tónlistarklasanum.

Efsta röðin yfir aðila á klasakortinu eru þeir sem veita sérhæfða og rekstartengda þjónustu fyrir klasann. Þetta eru sérhæfðir aðilar úr tengdum atvinnugreinum. Fyrst er að nefna þá sem eru reiðubúnir að taka fjárhagslega ábyrgð á útgáfu, afla styrkja og sinna rekstri eða þjónustu við rekstur á sviði tónlistar, t.d. á sviði höfundaréttar og hugverkaverndar. Svo er hópur fyrirtækja og þjónustuaðila sem m.a. sérhæfir sig í hönnun á vörum og þjónustu á sviði tónlistar, þ.m.t. á kynningarefni fyrir tónlistarmenn og tónlistarafurðir. Svo er sérhæfð þjónusta við markaðssetningu og sölu tónlistar og tónlistarviðburða. Jafnframt sérhæfðir aðilar í dreifingu tónlistar.

Neðst á klasakortinu fyrir neðan kjarnann eru mikilvægar grunnstoðir klasans. Þar má nefna mismunandi aðila sem telja má til stjórnvalda, menntastofnana og stéttarféлага tónlistarmanna. Menntastofnanir gegna lykilhlutverki í því að byggja upp öflugt tónlistarlíf með því að veita umgjörð fyrir kennslu og rannsóknir á sviði tónlistar. Menntastofnanir eru í lykilhlutverki fyrir atvinnugreinina, bæði hvað varðar menntun og nýliðun á tónlistarfólki og sem vinnustaðir tónlistarfólks í tónlistarkennslu. Stjórnvöld gegna einnig mikilvægu hlutverki í tónlistariðnaðinum því stofnanir og listamenn eru oft háðar ákvörðunum og afskiptum hins opinbera, m.a. opinberum framlögum. Stefna stjórnvalda í málafnum tónlistar getur því haft mjög mikil áhrif á það hvernig tónlistarlíf í landinu þróast á hverjum tíma og hvort skilyrði eru fyrir tónlistarklasann til þess að vaxa og dafna.




Mynd 3. Kort af tónlistarklasa (eigin útfærsla, byggð á gögnum rannsóknarinnar)

Þeir sem starfa innan klasans geta bæði verið keppinautar og samstarfsfólk. Því þarf oft umboðsmenn og tengla til að styðja við og efla starfið innan klasans. Heilbrigð samkeppni innanlands styður við gróskuna í klasanum og þegar kemur að útflutningi á tónlist geta verið forsendur fyrir samstarfi sem skilar verðmætum. Tónlistarmenn á Íslandi búa við mikla nálægð hver við annan og samvinna og samnýting er algeng á ákveðnum þáttum líkt og tæknibúnaði, hljóðfærum og öðru. Lítið aðgengi er að fjármagni innan greinarinnar og oft fara tónlistarmenn þá leið að hjálpast að þegar svo ber undir. Þessi nána samvinna milli tónlistarmanna á Íslandi styrkir tónlistarlífið og skapar sérstæðar aðstæður hér á landi.

Þegar kemur að landfræðilegri hlið klasans kemur í ljós veruleg samþjöppun. Það þýðir að margar af helstu stofnunum tónlistarlífsins eru á svo til sama stað í miðbæ Reykjavíkur. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska óperan og Stórsveit Reykjavíkur hafa aðsetur sitt í Hörpu. Jafnframt eru margar tónlistarhátíðir sem fara fram í Hörpu líkt og Jazzhátíð í Reykjavík, Myrkir músíkdagar, Reykjavík Midsummer Music, Iceland Airwaves og fleiri hátíðir og tónleikaraðir. Við opnun Hörpu vorið 2011 eignuðust Íslendingar í fyrsta sinn tónleikahús sem er samkeppnishæft á alþjóðlegum mælikvarða og hefur það reynst mikið gæfuspor fyrir tónlistarlíf í landinu. Það má því segja að hjarta tónlistarklasans sé að finna við Austurbakkann í Reykjavík, í Hörpu.

### 4.3 Staða tónlistarklasans úr frá þróunarskeiðum klasa

Ef litið er til tónlistarklasans á Íslandi er ekki að finna sérstakar hugmyndir eða stefnu um stofnun eða tilurð hans, enda eru þau skref ekki nauðsynleg forsenda klasaþróunar. Rannsóknin sem hér er greint frá bendir hins vegar til þess að vísir að klasa sé til staðar. Það felur í sér að líta megi svo á að tónlistarklasinn sé á þriðja skeiði með hliðsjón af líkani Enrights (2003) sem gerð var grein fyrir í 2. kafla.



Mynd 4. Tónlistarklasinn á þriðja skeiði í þróun klasa (útfærsla höfundu).

Það sem einkennir umrætt skeið, *vísir að klasa*, er að í umhverfi klasans eru forsendur fyrir verðmætasköpun og arðbæran rekstur en hins vegar vantar upp á nægilegan þéttleika (krítískan massa) og samvirkni til að starfsemin sé eins og hún best getur orðið. (Enright, 2003). Klasakortið (sbr. mynd 3) sýnir að tónlistarklasinn á Íslandi er ótvírætt kominn nokkuð á veg en langt er í að hann hafi náð fullum þroska hvað varðar virkt og öflugt kla-


samiðað samstarf (Ketels og Memedovic, 2008) og því virðist rökrétt að álykta að klasinn sé á þriðja skeiðinu í þróun klasa.

Ef lítið er 50 ár aftur í tímann má sjá að umhverfi tónlistar og staða tónlistarmanna hefur breyst mikið. Þeim hefur fjölgað umtalsvert sem gera tónlist að lífibræu sínu. Samhliða hefur allt umhverfi tónlistar tæknilega séð breyst mikið og stutt er síðan tónlistarhúsið Harpa, sem landfræðilega er í miðju klasans, var reist. Mögulega er einn lykilinn að þessari klasapróun að finna í tónlistarskólum sem starfræktir hafa verið víða um land um nokkurra áratuga skeið. Þessir skólar hafa þó átt við fjárhagserfiðleika að etja í starfsemi sinni og þurft að glíma við margar áskoranir. Svo er enn í dag en þróunin hefur verið í rétta átt og íslenskt tónlistarfolk nýtur nú meiri eftirspurnar eftir list sinni en áður.

#### 4.4 Greining á aðstæðum klasans og viðfangsefnum

Til að gera mögulegt að svara þriðju rannsóknarspurningunni um hver séu brýnustu viðfangsefnin sem tónlistarklasinn á Íslandi stendur frammi fyrir er gagnlegt að rýna í aðstæður og grundvallarþætti klasans. Byggt er á demanti Porters sem verkfæri sbr. mynd 2 og umfjöllun í aðferðafræðikaflanum.

Þegar rýnt er í tónlistarklasann koma ýmsir veikleikar í ljós en greiningin dregur líka fram sterka þætti. Fjallað er um einstaka þætti demantsins í punktaformi og eðlilega kunna þættirnir sem dregnir eru fram að skarast eitthvað.



Mynd 5. Greining á aðstæðum tónlistarklasans

##### 4.4.1 Framleiðsluþættir

Varðandi framleiðsluþætti og aðgengi að þeim þá er marga þeirra að finna sem endurspeglja jákvæðar aðstæður:

*Mannauður:* Menntunarstig er hátt innan tónlistariðnaðarins og margt tónlistarfolk sem sækir háskólamenntun sína til útlanda snýr aftur til Íslands að námi loknu. Þetta unga tónlistarfolk vinnur langa vinnudaga og reynir að ná fótfestu og sjá fyrir sér sem tónlistarmenn (Freyja Gunnlaugsdóttir, 2015; Jóhann Ágúst Jóhannsson, 2014). Aðgengi að hæfileikaríku, vel menntuðu tónlistarfolki er því gott í tónlistariðnaðinum (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2013).

*Tengslanet:* Íslenskir tónlistarmenn hafa náð sér á strík í alþjóðlegum tónlistariðnaði og rutt brautina fyrir þá sem á eftir koma. Útgáfufyrirtæki eru opin fyrir íslensku tónlistar-

fólki og erlend fyrirtæki hafa sent starfsmenn á tónlistarhátíðir á Íslandi til þess að leita uppi íslenskt hæfileikafólk (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

*Tæknilegir þættir:* Á Íslandi er að finna tæknilega fullkomin upptökuver líkt og Gróðurhúsið, Sundlaugina, Stúdío Sýrland og fleiri. Erlendir tónlistarmenn koma hingað til lands til þess að hljóðrita tónlist. Skilyrði til framleiðslu og upptöku á Íslandi eru góð sem er líka jákvætt fyrir tengda klasa.

*Menntun:* Tónlistarmenntun hefur verið frekar almenn á Íslandi og aðgengi að henni gott, en 88 tónlistarskólar starfa um allt land. Framhaldsmenntun í Reykjavík hefur verið nokkuð sterk þrátt fyrir þröngan kost (Reykjavíkurborg, 2014; STS, e.d.). Árið 2001 tók tónlistardeild Listaháskóla Íslands til starfa og er hún eina tónlistardeildin á háskólastigi (Ágúst Einarsson, 2013; Reykjavíkurborg, 2014; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2000). Menntaskóli í tónlist er nýstofnaður og framhaldsmenntun í tónlist orðin hluti af almenna skólakerfinu (MÍT, e.d.).

*Landfræðileg lega:* Íslenskir tónlistarmenn þurfa að bera mikinn kostnað vegna ferða og flutnings á hljóðfærum milli landa. Markaður fyrir tónlist á Íslandi er einnig mjög lítill í alþjóðlegum samanburði og því er mikilvægt fyrir íslenskt tónlistarfólk að ná árangri á erlendum mörkuðum. Staðsetning Íslands mitt á milli Evrópu og Bandaríkjanna hefur ákveðna kosti í för með sér og gerir landið að þægilegum viðkomustað fyrir tónlistarfólk á tónleikaferðalögum milli heimsálfanna.

*Fjárhagsleg staða:* Fjárhagslega er tónlistariðnaðurinn erfiður og opinber framlög til tónlistar á Íslandi hafa staðið í stað og dregist saman að raungildi, sbr. töflu 1 hér að framan. Erfitt hefur reynst að fjármagna ný verkefni og styrkir frá einkaaðilum hafa dregist saman. Þau störf sem tónlistarmenn vinna eru oft láglounastörf og margir neyðast til að sjá sér farborða með annarri vinnu (Fjárlög, 2011-2015; Freyja Gunnlaugsdóttir, 2015).

*Tölfræðilegar upplýsingar:* Tölfræðilegar upplýsingar um atvinnugreinina eru takmarkaðar og því er erfitt að ná utan um umfang hennar. Urbætur á þessu eru mikilvægar fyrir greinina og öflun þekkingar um hana.

#### 4.4.2 Aðstæður fyrir stefnumiðaðan rekstur

Hér er marga þætti að finna sem endurspeglar áskoranir en einnig má sjá að samvirkni og samstaða skiptir máli fyrir greinina:

*Stéttar- og hagsmunafélög:* Stéttarfélag tónlistarmanna ásamt hagsmunafélögum mynda eina af grunnstoðum tónlistarklasans. Félag íslenskra hljómlistarmanna semur um launakjör tónlistarmanna og gætir hagsmuna þeirra. Ýmis önnur hagsmunafélög vinna að því að styrkja stöðu tónlistarmanna eins og Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag Tónskálda og textahöfunda, Tónskáldafélag Íslands og fleiri félag (FÍH, e.d.; FÍT, e.d.; FTT, e.d.).

*Lög og reglugerðir:* Lagaramminn á sviði tónlistar er ekki skýr og eftirliti virðist ábótavant. Dæmi eru um ágreining um lagatúlkun á milli ríkis og Reykjavíkurborgar varðandi lög um tónlistarskóla (Lög nr. 75/1985; Höfundalög nr. 73/1972; Freyja Gunnlaugsdóttir, 2015). Höfundarréttur tónlistarmanna er enn fremur illa varinn fyrir ólöglegu niðurhali og fleiri brotum á höfundarrétti (Lög nr. 75/1985; Höfundalög nr. 73/1972).

*Fjárfestingar og skattamál:* Víða er veittur skattaafsláttur vegna styrkja sem renna til menningar og lista. Afsláttur af þessum toga hefur ekki verið veittur á Íslandi en erlendis hefur hann orðið til þess að hvetja fyrirtæki og fjárfesta til að veita styrki til menningar-tengdra verkefna (Ása Richardsdóttir, 2012; Ágúst Einarsson, 2013).

*Alþjóðleg samkeppni:* Sú staðreynd að markaður fyrir tónlist á Íslandi er lítill ýtir undir útrás á erlenda markaði. Breytt tækni getur hjálpað í því ferli og dæmi eru um að tónlistarmenn hafi náð alþjóðlegri athygli á örskammri stundu í gegnum Youtube, m.a. hérlendir tónlistarmenn á borð við Ásgeir Trausta.

*Samkeppni og samstarf:* Vegna smæðar samfélagsins er tónlistariðnaðurinn á Íslandi lítill og nálægðin mikil. Klasakortið (mynd 3) varpar ljósi á að ein af meginforsendum fyrir blómlegu tónlistarlífi á landinu er nán samvinna á milli tónlistarmanna og stofnana innan

tónlistariðnaðarins. Hins vegar kann að vanta samkeppni sem skerpir tónlistarfólkið enn frekar, þótt mikil keppni sé um þá athygli og það litla fjármagn sem til staðar er fyrir tónsköpun og tónlistarflutning, og er þá bæði átt við opinbera styrki og einkafjármagn.

#### 4.4.3 Eftirspurnarþættir

Þegar kemur að eftirspurn eftir íslenskri tónlist þá eru aðstæður bæði jákvæðar og neikvæðar:

*Kröfur/smekkur kaupenda:* Íslenskir hlustendur hafa reynst kröfuharðir og vilja hlusta á góða tónlist í gæðaflutningi. Sama virðist gilda um áheyrendur annars staðar. Á undanförunum árum hafa íslenskir tónlistarmenn öðlast sífellt fleiri hlustendur erlendis og þar er að finna stærri hluta af neytendahópi íslenskrar tónlistar en innanlands (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

*Innanlandsmarkaður:* Innanlandsmarkaður er lítill sökum smæðar þjóðarinnar. Þrátt fyrir það er mikil eftirspurn eftir tónlist sem eflir tónlistarlífið og eykur fjölbreytni þess (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

*Tónlistarhátíðir:* Fjöldi tónlistarhátíða fer fram á Íslandi og fólk alls staðar að sækir þær. Þessar hátíðir hafa auðgað íslenskt tónlistarlíf og laðað að fjölda erlendra gesta sem kemur hingað til lands til að njóta íslenskrar tónlistar. Hátíðirnar skila jafnframt miklum hagnaði til samfélagsins (Ása Richardsdóttir, 2012; Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011; Ævar R. Hafþórsson, 2013; Tómas Young, 2013).

*Alþjóðlegur markaður:* Mikill áhugi og eftirspurn er eftir íslenskri tónlist og tónlistarmönnum á alþjóðlegum markaði. Það er að þakka góðu orðspori íslenskra tónlistarmanna, kynningarstarfi og tengslavinnu og þeirri jákvæðu ímynd sem íslensk tónlist hefur nú í samfélagi þjóðanna (Tómas Viktor Young, 2008; ÚTÓN, e.d).

#### 4.4.4 Tengdar greinar

Innan tengdra greina er marga þætti að finna sem benda til þess að hér ríki jákvæðar aðstæður:

*Kvikmynda- og leikhúsiðnaðurinn:* Leikhúslíf og vinna við kvikmyndir tengist tónlist að mörgu leyti og margir tónlistarmenn starfa einnig innan leikhús- og kvikmyndaiðnaðarins. Tónlistarmenn semja tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir og fjöldi hljóðfæraleikara vinnur við flutning hennar (Ágúst Einarsson, 2004, 2013).

*Auglýsingaiðnaðurinn:* Í flestum auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi er leikin tónlist og skapar auglýsingaiðnaðurinn þannig fjölmörg störf fyrir tónlistarmenn sem starfa innan hans við gerð og flutning tónlistar (Freyja Gunnlaugsdóttir, 2015).

*Ferðamannaiðnaðurinn* er tengdur tónlistarlífinu á margan hátt. Fjölmargir ferðamenn leggja leið sína til Íslands til þess að njóta íslenskrar tónlistar og sækja tónlistarhátíðir og aðra tónleika hér á landi. Íslenskir tónlistarmenn hafa átt þátt í að skapa jákvæða mynd af Íslandi sem hefur áhrif á ferðamannaiðnaðinn. Þó nokkur samvinna hefur verið á undanförunum árum á milli tónlistarlífsins og ferðamannaiðnaðarins (Ása Richardsdóttir, 2012; Tómas Young, 2013).

*Ljósvakamiðlar:* Útvarp og sjónvarp leika stórt hlutverk við að koma tónlist á framfæri og dreifa henni. Útvarpið er mjög tengt tónlistarlífinu og dagskráin samanstendur að stórum hluta af tónlist. Internetið er jafnframt gríðarlega mikilvægt þegar kemur að kynningu og dreifingu á tónlist og aðgengi að tónlist er ótakmarkað í gegnum það. Ýmsir erfiðleikar hafa þó komið upp í sambandi við verndun höfundaréttar og ólöglegt niðurhal er ennþá mjög algengt (Ágúst Einarsson, 2004, 2013).

Hér að ofan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar á tónlist á Íslandi út frá klasanálgun. Fjallað var um forsendur fyrir tónlistarklasa, sett var fram klasakort og bent á að samkvæmt greiningarlíkani Enrights (2003) megi álykta sem svo að á Íslandi sé vísir að tónlistarklasa. Að endingu bendir demantsgreining á klasanum til þess að hér séu jákvæðar aðstæður fyrir þróun klasans þótt aðilar innan klasans þurfi jafnframt að takast á við margar áskoranir.

## 5 Einkenni og áskoranir tónlistarklasans

Eins og sett var fram í upphafi greinarinnar er viðfangsefni hennar að skoða tónlist á Íslandi sem klasa út frá eftirfarandi spurningum: 1) Hvernig má sjá og skoða tónlist á Íslandi sem klasa? 2) Hvernig hefur klasinn þróast með hliðsjón af æviskeiði klasa? 3) Hver eru brýnustu viðfangsefnin svo klasinn náí að dafna og skila ávinningi?. Hér verða dregin saman svör við þessum spurningum og fjallað um þann lærdóm sem þessi rannsókn hefur skilað.

### 5.1 Hvernig má skoða tónlist á Íslandi sem klasa?

Niðurstöðurnar sem settar voru fram í klasakorti tónlistarklasans (mynd 3) benda til þess að sjá megi merki um klasa í tónlist á Íslandi. Klasakortið gefur vísbendingu um að á Íslandi sé virkur tónlistarklasi og þungamiðja hans sé í Reykjavík. Klasakortið byggist á þekktri fyrirmynd (Porter, 1998; Austrian, 2000; Runólfur Smári Steinþórsson, 2016a) og lýsingin á klasanum er til vitnis um að upplýsingar um tónlistarklasann eru í takti við kenningar um klasa (Porter, 1998; Ketels og Memedovich, 2008). Sú gróska sem klasakort tónlistarklasans sýnir gefur tilefni til að álykta að frekara klasastarf geti ýtt undir öflugt tónlistarlíf til frambúðar og rannsóknir á tónlistarklössum erlendis benda til þess að öflugir tónlistarklasar eigi þátt í að skapa bæði menningarleg og efnahagsleg verðmæti fyrir það svæði sem þeir starfa á (Power og Jansson, 2006). Það má líka sjá að íslensk tónlist og íslenskir tónlistarmenn hafa notið velgengni og vinsælda á síðustu árum og því má segja að sú jákvæða athygli hafi skapað dýrmæt tækifæri til frekari uppbyggingar atvinnugreinarinnar (Ágúst Einarsson, 2013). Til að nýta enn frekar slík tækifæri er mikilvægt fyrir bæði stjórnvöld og ekki síður þá aðila sem starfa innan greinarinnar að átta sig á hvað tónlistarklasi felur í sér og hvaða möguleikar geta skapast í markvissu klasasamstarfi (Lindquist o.fl., 2012). Líkur eru á að slíkt uppbyggingarstarf muni skila sér til baka til samfélagsins með margvíslegum hætti.

### 5.2 Hvernig hefur klasinn þróast?

Eftir að hafa fengið ofangreindar vísbendingar um að klasa sé að finna í tónlist á Íslandi var gerð greining á stöðu hans með hliðsjón af þróunarskeiðum klasa. Niðurstöðurnar í kaflanum hér að framan gefa til kynna að klasinn sé á þriðja skeiði í greiningarlíkani Enright (2003) og þannig megi tala um „*vísu að klasa*“. *Þetta þýðir að hér á landi sé klasi til staðar sem hefur forsendur til að eflast frekar ef skilyrði halda áfram að þróast á jákvæðan veg* (Enright, 2003). Eins og vikið var að í fræðilega hluta greinarinnar má líta á klasa sem náttúrulegt fyrirbæri sem þróast yfir langan tíma (Ketels og Memedovic, 2008). Það felur í sér að allir þættir í umhverfi klasa eru að þróast og þátttakendum fjölgar með tilheyrandi jákvæðum ytri áhrifum (Sölvell, 2008). Varðandi þróun tónlistarklasans má sjá að umfang og umhverfi tónlistarstarfs á Íslandi hefur breyst mikið á síðustu 50 árum og þeim hefur fjölgað sem hafa atvinnu af tónlist. Sú niðurstaða að klasinn sé á þriðja skeiði af fimm mögulegum skeiðum Enright er m.a. sett fram í ljósi þess það þrjú síðastnefndu skeiðin eiga samsvörun við klasa sem eru komnir á legg. Fyrstu tvö skeiðin eru hins vegar undanfarar klasa sem eiga sér útgangspunkt í óskum, hugmyndum eða stefnu aðila um að klasi verði til. Slík áform um klasa eru hins vegar ekki staðfesting á að fyrir hendi séu forsendur eða aðstæður fyrir tilurð eða þróun klasa og ef ekki eru viðunandi vaxtarskilyrði er ekki víst að tilraunir til klasastarfs skili árangri (Enright, 2003; Ingstrup og Damgaard, 2013). Niðurstaðan hér er að tónlistarklasi á Íslandi sé kominn á legg og rannsóknin bendir til þess að raunverulegur klasi hafi þróast en að hann sé enn á því stigi að vera það sem hér er flokkað sem *vísir að klasa* (mynd 4) í niðurstöðum rannsóknarinnar. Þrátt fyrir áhugaverða þróun má sjá að klasinn stendur frammi fyrir erfiðum áskorunum.



### 5.3 Hver eru brýnustu viðfangsefni klasans?

Greiningin á íslenska tónlistarklasanum sýnir að hann er enn á mótunarstigi en hafi þrútt fyrir það þróast mikið á síðustu árum. Niðurstöður demantsgreiningar benda til þess að það séu þegar margir þættir sem ýta undir jákvæða þróun klasans en líka þættir sem vinna þarf með til að efla klasann frekar. Demantsgreiningin varpar ljósi á aðstæður klasans og greinilegt er að meiri fjölbreytni og dýpt í þeim þáttum sem víddir demantsins draga fram skilar bæði virkari og öflugri klösum (Porter, 1990, 2008; Sölvell, 2008; Ketels, 2013).

Varðandi frekari þróun á framleiðsluþáttum klasans má benda á bæði rannsóknir og menntamál. Mikilvægt er að efla rannsóknir og stuðla að miðlun upplýsinga og þekkingar um klasann og tónlistariðnaðinn (Ágúst Einarsson, 2013; Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011). Ein megináskorunin er að stuðla enn frekar að sterku menntakerfi sem myndi skila vel menntuðu og hæfu tónlistarfólki til að starfa við atvinnugreinina. Þar er sérstaklega mikilvægt að hlúa vel að nemendum sem stunda nám á framhaldsstigi og nýr Menntaskóli í tónlist er þar mikilvægt skref. Jafnframt er þýðingarmikið að hlúa vel að tónlistarnámi og kennslu í Listaháskólanum, m.a. til að auka nýliðun meðal hljóðfæra-kennara í landinu (Freyja Gunnlaugsdóttir, 2015).

Greiningin á tónlistarklasanum dregur fram mikilvægi bæði samstarfs og samkeppni. Sú nánd og samvirkni sem ríkir innan tónlistargeirans eflir klasann og ýtir undir þau jákvæðu ytri áhrif sem er lykillinn að klasaávinningi (Ketels og Memedovic, 2008), en samkeppni er líka lykilatriði (Porter, 1990). Til að efla klasann getur verið gagnlegt að leggja áherslu á heilbrigða samkeppni um leið og leitað er leiða til að skapa tækifæri fyrir nýja kynslóð tónlistarmanna. Það er lykilatriði að skapa aðstæður þar sem nýir einstaklingar geta þroskast sem listamenn og komið list sinni á framfæri. Mikilvægur liður í því er að huga vel að réttindamálum tónlistarmanna, efla þekkingu á tónlistariðnaði og leggja áherslu á að efla gagnsæi um allt starf á sviði tónlistar. Jákvæð þróun á þessu sviði getur stuðlað að enn betri aðstæðum fyrir gróskumikinn rekstur og starfsemi á sviði tónlistar. Rannsóknir á tónlistariðnaðinum hafa sýnt fram á að tónlist á Íslandi hefur haft veruleg áhrif á hagvöxt í landinu á síðustu árum (Ágúst Einarsson, 2013; Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young, 2011) og það bendir til þess að tónlistariðnaðurinn sé umtalsverður og mikilvægt að leita leiða til að efla hann enn frekar.

Einn lærdómurinn af demantslíkaninu við klasagreiningu er að aðstæður sem ýta undir eftirspurn er mikilvægur lykill að velgengni klasa (Porter, 2008). Greiningin á eftirspurn bendir til þess að þróunin hafi um margt verið jákvæð þótt lítið sé við því að gera að á Íslandi sé lítill markaður í samanburði við alþjóðamarkaði. Því er nauðsynlegt að hugsa út fyrir landsteinana. Hér er margs að gæta og hlutverk hins opinbera getur legið í að styðja við starf sem ýtir undir eftirspurn og einnig er mikilvægt að allir aðilar í klasanum hugi vel að þessum þætti út frá markaðsforsendum og með markaðsaðgerðum, auk þess að skoða möguleika á frekara klasasamstarfi (Ketels og Memedovic, 2008).

Greiningin á tónlistarklasanum undirstrikar líka mikilvægi þess að huga að tengdum greinum og þáttum sem efla samspil og samvirkni á milli aðila. Lykilatriði í þessu efni er að ýta undir fjölbreytni og skapa tengsl um leið og hlúð er að því að skapa umhverfi sem hvetur tónlistarfólk til dáða. Í þessu efni er vert að huga að því hvaða ávinningur hlýst af fyrirkomulagi eins og starfslaunum listamanna því í mörgum tilfellum skila listamenn þeim styrkjum margfalt til baka til þjóðarbúsins (Lög nr. 57/2009). Eins er spurning um getu og hlutverk tónlistarsjóðs (Lög nr. 76/2004). Þessi stuðningur hefur reynst mikilvægur og gefur greininni grundvöll sem sjá má sem hluta af grunnforsendum klasans, sbr. niðurstöðukaflann hér að framan. Það má einnig sjá að svipað á við um tengdar greinar og allt sem styður við þær er líka liður í að efla tónlistarklasann.

## 6 Lokaorð

Í þessari grein hefur íslenskt tónlistarlíf verið skoðað frá sjónarhorni klasa til þess að fá fram mynd af þróuninni og þeim tækifærum sem hafa skapast á síðustu árum. Hér hefur verið sýnt fram á að á Íslandi er *vísir að tónlistarklasa* og bent á atriði sem bæði eru klasanum til frekari framdráttar og fela í sér áskorun á þróunarbraut hans. Þær erlendu rannsóknir á tónlistarklössum sem skoðaðar voru í greininni, sbr. umfjöllun og heimildir í kafla 2.2, sýndu fram á mikilvægi þess að skapa góðar aðstæður fyrir listamenn, stofnanir og fyrirtæki innan tónlistarlífsins til þess að það nái að vaxa og dafna. Það er mikilvægt í þróun tónlistarklasans á Íslandi að draga lærdóm af þessum rannsóknum en þær varpa ljósi á aðgerðir sem skiluðu sér margfalt til baka í menningarlegum og efnahagslegum hagnaði til samfélagsins á viðkomandi svæðum.

Þennan lærdóm af erlendu rannsóknunum mætti nýta til ávinnings fyrir íslenskt tónlistarlíf sem einnig hefur vakið eftirtekt og nýtur vissrar sérstöðu í alþjóðlegu tónlistarlífi. Þá sérstöðu væri líka athyglisvert að skoða betur og greina í frekari rannsóknum. Þá væri mikilvægt að skoða hvernig mætti nota þessa sérstöðu og þá jákvæðu athygli sem íslensk tónlist hefur fengið á síðustu árum á markvissan hátt til þess að styrkja íslenskt tónlistarlíf. Í þessu samhengi væri áhugavert að kanna leiðir til að efla klasasamstarf á sviði tónlistar, t.d. með sérstöku klasaframtaki (*e. cluster initiative*) en hérlendis er vaxandi reynsla af slíku starfi (Runólfur Smári Steinþórsson, 2016b). Með öflugu klasasamstarfi geta einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld stuðlað að eflingu tónlistarklasans og unnið saman að því að byggja upp þróttmikið tónlistarlíf. Það væri jafnframt tilefni til enn frekari rannsókna á tónlistarklasanum. Samstarf af þessum toga myndi vafalaust styrkja stöðu íslenskrar tónlistar og tónlistarmanna í bæði innlendu og alþjóðlegu tónlistarlífi og stuðla enn frekar að áhugaverðu og fjölbreyttu menningarlífi hér á landi. Þar er ekki síst mikilvægt að bera kennsl á þau menningarlegu verðmæti sem felast í íslenskri tónlist og því góða orðsperi sem íslenskir tónlistarmenn hafa byggt upp á síðustu árum.

Þessi grein um tónlistarklasa gefur innsýn í klasa á Íslandi. Framlag hennar takmarkast við tónlistarklasann sem er raundæmið í þessari rannsókn. Niðurstöður greinarinnar gefa ekki grundvöll til alhæfingar um klasa umfram dæmið sjálf. Það er hins vegar áhugaverð spurning í frekari klasarannsóknum hérlendis hvort klasar séu á einhvern hátt öðru vísi þegar um lítil lönd eins og Ísland er að ræða. Mögulega hafa klasar hér á landi ákveðin sérkenni vegna smæðar og sérstöðu landsins. Slíkar niðurstöður eru líklegar til að vera áhugaverðar fyrir samanburð við önnur lönd, ekki síst þau sem eru svipuð Íslandi en einnig þau sem eru á margan hátt ólík. Þannig verður unnið áfram með niðurstöður þessarar rannsóknar og aðrar klasarannsóknir hérlendis sem eru í farvatninu með það að markmiði að afla þekkingar á klössum í löndum og landsvæðum sem búa við sérstakar aðstæður vegna smæðar og sérstöðu.

## Heimildir

- Austin, J. E. (2000). Strategic Collaboration Between Nonprofits and Business. *Non profit and Voluntary Sector Quarterly*, 29 (1), 69-97.
- Austrian, Z. (2000). Cluster case studies: The marriage of Quantative and Qualitative Information to Action., *Economic Development Quarter* 14 (1), 97-110.
- Ágúst Einarsson (2004). *Hagræn áhrif tónlistar*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.
- Ágúst Einarsson (2012). *Menningarhagfræði*. Bifröst: Háskólinn á Bifröst.
- Ágúst Einarsson (2013). Tónlist veitir ánægju og velmegun. *Vatnaskil í hrynheimum* (bls. 24–32). Reykjavík: FTT.
- Ása Richardsdóttir (2012). *Skapandi greinar – sýn til framtíðar: Úttekt á stöðu og tillögur um bætt starfsumhverfi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Beyers, W., Bonds, A., Wenzl, A. og Sommers, P. (2004). *The economic Impact of Seattles Music Industry*. Sótt 15. febrúar 2015 af [http://www.seattle.gov/music/docs/Seattle\\_Music\\_StudyFinal.pdf](http://www.seattle.gov/music/docs/Seattle_Music_StudyFinal.pdf).
- Berg, L., Braun, E. og Winden (2014). Enhancing Urban Competitiveness through Innovative Growth Clusters, í P. Ni og Z. Qiongjie, (ritstj.), *Urban Competitiveness and Innovation*, (67-90). Cheltenham: Edward Elgar.
- Berlin music commission* (e.d.). Sótt 13. febrúar 2017 af <http://www.berlin-music-commission.de/en/about/music-industry-facts.html>.

- Bernard, M., Shankar Chaturvedi, R., Hill A., Maddox, C. og Schrimpf M. (2012). *Tennessee Music Cluster*. Boston: Harvard Business School.
- Best, M. (2001). *The New Competitive Advantage: A Renewal of American Industry*. New York: Oxford University Press.
- Boix, R., Lazzaretti, L., Hervás, J. L., og De Miguel, B. (2011). *Creative clusters in Europe: a microdata approach*. 51st European Congress of the Regional Science Association International. Barselóna: Ersä.
- Caves, Richard E. (2000). *Creative Industries: Contracts between art and commerce*. Cambridge and London: Harvard University Press.
- Chapain, C., Cook, P., De Propriis, L. McNeill, S. og Mateos-Garcia, J. (2010). *Creative Clusters and Innovation*. London: NESTA.
- Cluster Mapping, *mapping a nation of regional clusters* (e.d.). Sótt 8. apríl 2017 af: <http://www.clustermapping.us/>.
- Clusters at your fingertips (e.d.). Sótt 8. Apríl 2017 af: <http://www.clusterobservatory.eu/index.html>.
- Cruz, S.C. og Teixeira, A.A. (2010). The evolution of the cluster literature: shedding light on the regional studies – regional science debate. *Regional studies*, 44 (9), 1263-1288.
- Delgado, M., Porter, M. E., og Stern, S. (2014). Clusters, convergence, and economic performance. *Research Policy*, 43 (10), 1785-1799.
- Deutz, P. og Gibbs, D. (2008). Industrial Ecology and Regional Development: Eco-Industrial Development as Cluster Policy. *Regional Studies*, 42 (10), 1313–1328.
- Eisenhardt, K. M. (1989). Building Theories from case study research. *The Academy of Management review*, 14 (4), 532–550.
- Enright, M. J. (2003). Regional clusters: What we know and what we should know, í J. Bröcker, D. Dohse og R. Soltwedel (ritstj.). *Innovation Clusters and Interregional Competition*, (99–129). Berlin: Springer.
- Forsætisráðuneytið (2008). *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna*. Reykjavík.
- Florida, R. (2002). *The Rise of the Creative Class, and How It's Transforming Work, Leisure and Everyday Life*. New York: Basic Books.
- FÍH (e.d.). Sótt 23. mars 2015 af <http://felagsmenn.fih.is/default.aspx?PageID=68>.
- FÍT (e.d.). Um félagið. Sótt 23. mars 2015 af <http://www.fiston.is/#!/about-us/cjg9>.
- FT (e.d.). Sótt 23. mars 2015 af <http://ft.ki.is/?PageID=296>.
- FTT (e.d.). Um félagið. Sótt 23. Mars 2015 af [http://www.ftt.is/Um\\_felagid](http://www.ftt.is/Um_felagid).
- Ffowcs-Williams, I. (2012). *Cluster development: The go-to handbook*. New Zealand: Cluster Navigator.
- Fjárlög fyrir árið 2011 nr. 169/2010.
- Fjárlög fyrir árið 2012 nr. 185/2011.
- Fjárlög fyrir árið 2013 nr. 162/2012.
- Fjárlög fyrir árið 2014 nr. 149/ 2013.
- Fjárlög fyrir árið 2015 nr. 143/2014.
- Freeman, J. A. (2010). Web-based collaboration, live musical performance and open-form scores. *International Journal of Performance Arts and Digital Media*, 6 (2), 149-170.
- Freyja Gunnlaugsdóttir (2015). *Framhaldsmenntun í tónlist á Íslandi: Þróun, framtíð og stefna*. (MS-ritgerð) Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild. Sótt 15. nóvember af <https://skemman.is/bitstream/1946/21212/1/Framhaldsmenntun%20%C3%AD%20t%C3%B3nlist%20%C3%A1%20%C3%8D%20landi.pdf>
- Fromhold-Eisebith, M. og Eisebith, G. (2005). How to institutionalize innovative clusters? Comparing explicit top-down and implicit bottom-up approaches, *Research Policy*, 34, 1250-1268.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Helga Björg Ragnarsdóttir (2003). Iceland. Í *Behind the music. Profiting from sound: A system's approach to the dynamics of the nordic music industry*. Kaupmannahöfn: Nordic industrial fund.
- Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson (2014a). Klasar og klasakenningar. Auður Hermannsdóttir, Ester Gústavsdóttir, Kári Kristinsson (ritstjórar) *Vorráðstefna viðskiptafræðideildar* (bls. 45-59). Reykjavík: Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðjón Örn Sigurðsson og Runólfur Smári Steinþórsson (2014b). Klasaframtök og vottun klasastarfs, í Ingjalður Hannibalsson (ritstj.). *Þjóðarspeggillinn 2014* (bls. 1-15). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hálfðan Karlsson og Runólfur Smári Steinþórsson (2009). Samkeppnishæfni Íslands: Varanleg verðmætasköpun og hagsæld! Í Auður Hermannsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Snjólfur Ólafsson (ritstj.), *Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands* (bls. 77-88). Reykjavík: Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Harper, G., Cotton, C., og Benefield, Z. (2013). *Nashville Music Industry: Impact, Contribution and Cluster Analysis*. Nashville Chamber of Commerce. <http://www.nashvillechamber.com/docs/default-source/research-center-studies/nashville-music-industry-study.pdf>.
- Heur, v. B. (2008). The Clustering of Creative Networks: Between Myth and Reality. *Urban Study Journal*, 46 (8), 1531-1552.
- Höfundalög nr. 73/1972.
- Ingstrup, M.B. og Damgaard, T. (2013). Cluster facilitation from a cluster live cycle perspective. *European Planning Studies*, 21 (4), 556-574.
- Jansson, J. og Power, D. (2010). Fashioning a global city: global city brand channels in the fashion and design industries, *Regional Studies*, 44 (7), 889-904.

- Jóhann Ágúst Jóhannsson (2014). *Ég á mig sjálf: stærri markaður, meiri vinna og minni tekjur í tónlistariðnaði nútímans.* (MA-ritgerð) Háskólinn á Bifröst. Sótt 15. nóvember 2017 af [https://skemman.is/bitstream/1946/20567/5/Johann\\_Agust\\_Johannsson\\_MA.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/20567/5/Johann_Agust_Johannsson_MA.pdf)
- Ketels, C.H.M. (2003). *The development of the cluster concept – present experience and further developments.* Paper Presented at the NRW Conference on Clusters, Duisburg, Germany, 5. December.
- Ketels, C.H.M. (2009). *Clusters, cluster policy, and Swedish competitiveness in the global economy.* Globalisation Council.
- Ketels, C.H.M. (2013). Recent research on competitiveness and clusters: what are the implications for regional policy. *Cambridge Journal of Regions, Economy and Society*, 6 (2), 269-284.
- Ketels, C.H.M. and Sölvell, Ö. (2006). *Clusters in the EU-10 new member countries*, European Commission – DG Industry, Brussels.
- Ketels, C.H.M. og Memedovic, O. (2008). From clusters to cluster-based economic development, *Int. J. Technological Learning, Innovation and Development*, 1 (3), 375-392.
- Kristján Már Gunnarsson (2016). *Að slá í gegn. Græða íslenskar hljómsveitir á því að segjast vera frá Íslandi?* (MS-ritgerð) Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild. Sótt 15. nóvember 2017 af <https://skemman.is/bitstream/1946/24086/3/A%C3%B0%2bsl%C3%A1%2b%C3%AD%2bgegn.pdf>
- Lindqvist, G., Ketels, C.H.M., og Sölvell, Ö. (2012). *The Cluster Initiative Greenbook 2.0.* Stockholm. Ivory Towers Publishers.
- Lazzeretti, L. (2008). The cultural districtalisation model. Í P. Cooke og L. Lazzeretti (ritstj.), *Creative Cities, Cultural Clusters and Local Development* (93-120). Cheltenham: Edward Elgar.
- Lazzeretti, L., Sedita, S. R., og Caloffi, A. (2014). Founders and disseminators of cluster research. *Journal of Economic Geography*, 14 (1), 21-43.
- Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
- Lög um listamannalaun nr. 57/2009.
- Lög um tónlistarsjóð nr. 76/2004.
- Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina.* Reykjavík: Samráðsvettvangur skapandi greina, Íslandsstofa, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Iðnaðarráðuneyti, Fjármálaráðuneyti og Utanríkisráðuneyti.
- Markusen, A. (1996). Sticky places in slippery space: a typology of industrial districts. *Economic Geography*, 72 (3), 293-313.
- Martin, R. Florida, R. Pogue, M., og Mellander, C. (2015). *Creativity, Clusters and the Competitive Advantage of Cities.* Working Paper, Rotman School of Management, University of Toronto.
- Martin, R., og Sunley, P. (2003). Deconstructing clusters: chaotic concept or policy panacea? *Journal of Economic Geography*, 3 (1), 5-35.
- Marshall, A. (1920). *Principles of economics.* London: MacMillan.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2000). *Aðalnámskrá tónlistarskóla.* Reykjavík: Menntamálaráðuneytið
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2013). *Menningarstefna.* Reykjavík: Mennta- og Menningarmálaráðuneyti.
- MÍT (e.d). Sótt 6. apríl 2017 af [www.menton.is](http://www.menton.is)
- Porter, M. E. (1990). *The Competitive Advantage of Nations.* New York: The Free Press.
- Porter, M. E. (1998). Clusters and the New Economics of Competition. Í M. E. Porter (ritstj.), *On Competition* (197-287). Boston: Harvard Business School Publishing.
- Porter, M. E. (2000). Location, Competition, and Economic Development: Local Clusters in a Global Economy. *Economic Development Quarterly*, 14 (1), 15-34.
- Porter, M. E. (2003). The economic performance of regions. *Regional Studies*, 37, 549-578.
- Porter, M. E. (2008). *On Competition* (2. ed). Boston: Harvard Business School Publishing.
- Power, D. og Jansson, J. (2006). *Creative Directions – a Nordic framework for supporting the creative industries.* Ósló: Norræna nýsköpunarmiðstöðin.
- Reykjavíkurborg (2014). *Greining á fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík.* Reykjavík: Reykjavíkurborg.
- Robson C. (1993). *Real World Research. A Resource for Social Scientists and Practitioner-Researchers.* Oxford. Blackwell Publishers.
- Rosenfeld, S. A. (1997). Bringing Business Clusters into the Mainstream of Economic Development. *European Planning Studies*, 5 (1), 3-23.
- Runólfur Smári Steinþórsson (2016a). Klasakort, verkfæri við kortlagningu klasa. *Klasar, ársrit um klasa.* 2 (1), 18-28
- Runólfur Smári Steinþórsson (2016b). Klasaframtök og klasamiðstöðvar sem aflvakar innan klasa. *Klasar, ársrit um klasa.* 2 (1), 34-42.
- Smith, H. L. (2007). Universities, innovation, and territorial development: A review of the evidence. *Environment and Planning. C, Government & Policy*, 25 (1), 98-114.
- Stiles, C. H. (1992). The Influence of Secondary Production on Industry Definition in the Extended Vertical Market Model. *Strategic Management Journal*, 13 (3), 171-187.
- STS. (e.d). sótt 6. apríl 2017 af <http://www.tonlistarskolarnir.is/is/>.

- Sölvell, Ö. (2008). *Clusters: Balancing Evolutionary and Constructive Forces*. Stokkhólmur, Ivory Tower Publishers.
- Sölvell, Ö., Lindqvist, G., Ketels, C. (2003). *The Cluster Initiative Greenbook*. TCI Global Conference. Stokkhólmur: TCI.
- Sölvell, Ö., Williams, M. (2013). *Building the Cluster Commons – An Evaluation of 12 Cluster Organizations in Sweden 2005 - 2012*. Stockholm. Ivory Tower Publishers.
- Throsby, D. (2003). Determining the value of Cultural Goods: How much (or little) does contingent valuation tell us? *Journal of Cultural Economics* 27, 275-281.
- Tómas Young (2013). *Tónlistarhátíðir á Íslandi*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Tómas Young (2008). *Íslensk tónlist sem landkynning*. (BA-ritgerð) Háskóli Íslands, Raunvísindadeild. Sótt 15. nóvember 2017 af <https://skemman.is/bitstream/1946/6392/1/BSc%20-%20%C3%8Dslensk%20t%C3%B3nlist%20sem%20landkynning%20-%20T%C3%B3mas%20Viktor%20Young.pdf>
- Towse, R. (2010). *A textbook of Cultural Economics*. New York and Cambridge: Cambridge University Press.
- ÚTÓN, Um ÚTÓN, sótt 6. apríl 2017 af Uton.is, <http://www.uton.is/um-uton>
- Yin, R. K. (2003). *Case Study Research: Design and Methods* (3. útg.). Newbury Park: Sage Publication.
- Vang, J. (2007). The spatial organization of the news industry: questioning assumptions about knowledge externalities for clustering of creative industries. *Innovation: Management, Policy and Practice* 9 (1), 14-27.
- Wolfe, D. A. (2005). The Role of Universities in Regional Development and Cluster Formation í G. A. Jones, P. L. McCarney, M. L. Skolnik (ritstj.). *Creating Knowledge, Strengthening Nations: The Changing Role of Higher Education*, (167-194). University of Toronto Press.
- Wolman, H., og Hincapie, D. (2015). Clusters and Cluster-Based Development Policy. *Economic Development Quarterly* 29 (2), 135-149.
- Ævar R. Hafþórsson (2013). *Hagræn áhrif Iceland Airwaves 2012*. Margföldunaráhrif. (B.S.-ritgerð) Háskóli Íslands, Hagfræðideild. Sótt 15. nóvember 2017 af <https://skemman.is/bitstream/1946/16532/1/Lokaskil%20%C3%A1%20BA%20verkefni.pdf>

